

Föstudaginn 21. apríl 1989.

Nr. 329/1987. **Sigurður Jónsson**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Sigurði K. Jónssyni og

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Valgarð Briem hrl.)

og gagnsök.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Líkamstjón. Örorkumat.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 17. sama mánaðar. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi Sigurður K. Jónsson verði dæmdur til að greiða sér 16.562.890,00 krónur, þar af 10.000.000,00 krónur óskipt með gagnáfrýjanda Tryggingamiðstöðinni hf., með ársvöxtum af heildarkröfufjárhæð sem hér segir: 15% frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst sama ár, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí sama ár, 22% frá þeim degi til 10. febrúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 19% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 20% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 15,5% frá þeim degi til 11. október sama ár, 15,75% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 16% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 16,25% frá þeim degi til 11. desember sama ár, 17,75% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 18,25% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 20% frá þeim degi til 11. mars sama ár, 22% frá þeim degi til 11. apríl sama ár, 23% frá þeim degi til 14. sama mánaðar, 30% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 36% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 40,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 42% frá þeim degi til 1. október sama ár, 43,2% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 45,6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 49,2% frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 45,6% frá þeim degi til 14. apríl sama ár, og síðan ársvöxtum af 23.553.533,85 krónum sem

hér segir: 45,6% frá 14. apríl 1988 til 1. maí sama ár, 44,4% frá þeim degi til 1. júlí sama ár, 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 56,4% frá þeim degi til 1. september sama ár, 49,2% frá þeim degi til 1. október sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 27,6% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 24% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 33,6% frá þeim degi og áfram með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, eins og þeir eru hverju sinni, til greiðsludags. Gerð er krafa um það, að vextir séu höfuðstólsfærðir á 12 mánaða fresti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga, í fyrsta sinn 14. apríl 1988. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu af sinni hendi með stefnu 14. desember 1987 og krefjast þess aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum aðaláfrýjanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að hin dæmda fjárhæð verði verulega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðir nýir líkindareikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings um fjárhagstjón aðaláfrýjanda, dagsettir 12. apríl 1988 og 21. mars 1989. Samkvæmt hinum síðari eru óskertar árstekjur áfrýjanda á útreikningsdegi áætlaðar 3.030.700,00 krónur og tekjutap á ári 1.818.400,00 krónur. Er þá við það miðað, að tekjutap vegna slyssins sé sami hundraðshluti tekna og örorka er metin. Höfuðstólsverðmæti tímabundinnar örorku er óbreytt frá fyrri útreikningum, en höfuðstólsverðmæti varanlegrar örorku á slysdegi er reiknað 14.751.000,00 krónur og verðmæti vinnutekjutaps alls 15.540.200,00 krónur. Við útreikningana eru sem fyrr notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Vaxtafótur þessi er rakinn í héraðsdómi til 21. febrúar 1987. Frá þeim tíma eru notaðir þessir ársvextir: 11% til 30. apríl sama ár, síðan 12% til 20. júní, 13% til 10. júlí, 15% til 20. september, 17% til 10. október, 19% til 31. október og 20% til 30. nóvember 1987, þá 22% til 20. janúar 1988, 20% til 29. febrúar, 19% til 10. júní, 23% til 20. júní, 24% til 31. júlí,

26% til 20. ágúst, 22% til 31. ágúst, 12% til 10. október, 9% til 20. október og 6% til 30. nóvember 1988, og loks 4% til 20. janúar 1989, 6% til 31. janúar og 8% frá 1. febrúar 1989 til útreikningsdags. Eftir hann eru sem fyrr notaðir 6% vextir og vaxtavextir.

Í héraði voru að beiðni gagnáfrýjenda dómkvaddir lækarnir Stefán Bogason aðstoðartryggingayfirlæknir og Gísli Einarsson, sérfræðingur í skurðlækningum, endurhæfingu og orkulækningum, til að meta skerðingu á starfsorku aðaláfrýjanda vegna meiðsla þeirra, er hann hlaut í slysinu, og láta í té skriflegt og rökstutt álit um það, hver sé „raunveruleg skerðing á starfsorku“ hans af þessum sökum. Matsgerð þeirra var lögð fram á bæjarþingi Reykjavíkur 11. febrúar 1987. Þar segir m.a.:

„...Slasaði vinnur nú sitt fyrra starf, er hann hafði með höndum fyrir slysið, og gerir það að fullu (100%). Starf þetta er annars vegar hálfs dags starf læknis á Hrafnistu, DAS, og hins vegar hálfs dags starf sem heimilislæknir á stofu í Domus medica. Ef miðað er við þessi störf, sem telja verður unnin á vernduðum vinnustöðum í þessu tilviki, er starfsgeta Sigurðar Jónssonar 100%....

...einungis við óbreyttar forsendur á vinnumarkaði lækna í Reykjavík er hægt að fullyrða, að starfsgeta Sigurðar Jónssonar sé nálægt því að vera óskert. Í þeim umbrotum, sem nú eru í málum sjúkra- og heilsugæslu, er alls ekki gefið, að slíkar forsendur haldist óbreyttar um ókomna tíð. Búast má við, að auk þess varanlega tjóns og örkumla, er Sigurður hefur hlotið af slysinu, ... muni ending vissra hluta stoðkerfis Sigurðar vera lakara en skyldi....

Það er skoðun undirritaðra, að séu varanleg örkuml slasaða af völdum umrædds slyss lögð saman og metin eftir viðurkenndum örorkumatsskrám, sé örorkumat Ólafs Jónssonar læknis frá 26.8. 1985 mjög nærri sanni og gætu undirritaðir vel skrifað undir það á þeim forsendum.

Aftur á móti er undirrituðum falið að meta „raunverulega skerðingu“ á starfsorku Sigurðar Jónssonar. Undirritaðir álíta að til þess að meta skerðingu á starfsorku á þann hátt þurfi að taka beint tillit til starfa slasaða bæði fyrir og eftir slys ásamt fleiri atriðum í félagslegri stöðu slasaða,...

Það er álit undirritaðra, að þó að slasaði vinni nú fullt starf miðað við það, sem hann gerði fyrir slysið, sé raunverulega um að ræða

verulega skerðingu á starfsorku hans, bæði eins og hún er nú og einnig verði að taka tillit til hugsanlegra breytinga, þar sem búast má við, að starfsgeta kunni að fara minnkandi með tímanum, eins og þegar hefur verið lýst. Þá telja undirritaðir, að miðað við núverandi ástand séu slasaða settar talsverðar hömlur í starfsvali og gæti áhrifa þess bæði í atvinnu og einkalífi....

...telja undirritaðir, að tímabundin og varanleg örorka slasaða sé hæfilega metin sem hér segir: frá slysdegi í 8 mánuði örorka 100%, eftir það í 1 mánuð örorka 75%, varanleg örorka 50%.“

Í málflutningi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti kom fram, að hann hefði haldið í horfinu tekjulega, eftir að hann fór að vinna. Þá var enn fremur lýst yfir, að hann hefði til þessa eigi sótt lögsmæltar örorkubætur til Tryggingastofnunar ríkisins vegna ágreinings um örorkustig.

II.

Á uppdrætti, sem gerður var samkvæmt mælingum lögreglu-manna þeirra er fóru á slysstað, sést afstaða bifreiðanna við komu þeirra þangað. Annar þeirra bar fyrir dómi að við vettvangskönnun þeirra hefðu engin hemla- og hjólför verið sjáanleg. Á uppdrættinum eru því engin hemlaför sýnd. Í héraðsdómi er rakinn framburður vitna, sem komu á slysstað á undan lögreglumönnunum og báru að hafa séð för eftir bifreiðina H 700 hægra megin á veginum, miðað við stefnu hennar. Vitnisburði þeirra hefur ekki verið hnekkkt. Af honum má álykta, að fyrir áreksturinn hafi bifreiðinni H 700 verið ekið hægra megin við miðlínu vegarins. Staða bifreiðanna eftir áreksturinn hnekkir ekki þessari ályktun. Verður því að leggja til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi ekið bifreið sinni eftir miðjum veginum og að hluta yfir á vinstri vegarhelmingi, miðað við akstursstefnu sína. Var þetta mjög óvarlegt, einkum þegar litið er til þess að rykmökkur frá vöruflutningabifreiðinni H 1070, sem ekið var á undan honum, lá yfir veginn til vinstri og byrgði honum sýn fram á veginn. Hins vegar er ekki sannað, að hann hafi á þessari stundu ætlað að aka fram úr vöruflutningabifreiðinni. Þykir samkvæmt þessu mega staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjandi hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 45. gr. þágildandi umferðarlaga, nr. 40/1968, og eigi meginsök á árekstrinum.

Með vísan til framburðar farþega í bifreiðinni H 1070, sem kveðst

hafa séð ljós á bifreiðinni H 700, er ósannað, að þeirri bifreið hafi ekki verið ekið með ljósum. Hins vegar virðist sem vöruflutninga-bifreiðinni hafi verið ekið óvarlega miðað við aðstæður og stjórnandi hennar hafi vikið illa, er hann mætti bifreiðinni H 700. Var því, eins og í héraðsdómi segir, fyllsta ástæða fyrir stjórnanda H 700, gagnáfrýjanda Sigurð K. Jónsson, að draga mjög verulega úr ferð og sýna ýrustru varkárni, ekki síst vegna rykmakkar þess, er frá bifreiðinni lagði yfir akstursleið hans og byrgði honum sýn. Verður að fallast á, að gagnáfrýjandi hafi ekki gætt þessa sem skyldi. Hann hefur því brotið gegn 1. mgr. 47. gr., sbr. 1. mgr. og f-lið 3. mgr. 49. gr., þágildandi umferðarlaga. Hann á því einnig sök á árekstrinum.

Þegar allt þetta er virt, þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skiptingu sakar í máli þessu. Samkvæmt því ber gagnáfrýjendum að bæta aðaláfrýjanda tjón hans að 1/3 hluta.

III.

Aðaláfrýjandi sundurliðar dómkröfu sína þannig:

1. Örorkutjón	15.540.200,00 krónur
2. Miskabætur	1.000.000,00 krónur
3. Munatjón	22.690,00 krónur

Samtals 16.562.890,00 krónur

Um 1. lið.

Þessi kröfuliður er byggður á framangreindum útreikningi frá 21. mars 1989, sem gerður er samkvæmt mati Ólafs Jónssonar læknis á örorku aðaláfrýjanda og hefur stoð í matsgerð hinna dómkvöddu lækna. Í honum er ekki tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta. Hér ber að hafa í huga, að aðaláfrýjandi hefur eftir slysið gegnt störfum sínum áfram og haldið launum. Hins vegar er ljóst, að aflahæfi hans hefur skerst af völdum slyssins. Þegar þetta er haft í huga, þykir hæfilegt að meta tjón aðaláfrýjanda vegna örorku 7.500.000,00 krónur. Hefur þá verið höfð hliðsjón af því til lækkunar, að bætur þessar eru skattfrjálsar, svo og verið tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu í samræmi við dómvenju.

Um 2. lið.

Rétt þykir að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þennan kröfulið.

Um 3. lið.

Þessi liður sætir eigi andmælum og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um hann.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst heildartjón aðaláfrýjanda 7.922.690,00 krónur. Frá þeirri fjárhæð ber að draga eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris, sem aðaláfrýjandi á rétt til úr hendi Tryggingastofnunar ríkisins og nemur 361.500,00 krónum samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 4. mars 1987, sem miða verður við eins og kröfugerð í máli þessu er háttað. Eftir standa þá 7.561.190,00 krónur, sem gagnáfrýjendum ber óskipt að bæta að 1/3, þ.e. 2.520.396,67 krónur, auk vaxta svo sem í dómsorði greinir. Þykir samkvæmt 15.gr. vaxtalaga heimilt að taka dráttarvaxtakröfu aðaláfrýjanda til greina frá uppkvaðningu hæstaréttardóms þessa.

Eftir þessum málalokum verða gagnáfrýjendur dæmdir til að greiða aðaláfrýjanda óskipt 550.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjendur, Sigurður K. Jónsson og Tryggingamiðstöðin hf., greiði aðaláfrýjanda, Sigurði Jónssyni, óskipt 2.520.396,67 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 15% frá 29. júlí 1984 til 12. ágúst 1984, 17% frá 13. ágúst 1984 til 31. desember 1984, 24% frá 1. janúar 1985 til 10. maí 1985, 22% frá 11. maí 1985 til 28. febrúar 1986, 12% frá 1. til 31. mars 1986, 9% frá 1. apríl 1986 til 20. janúar 1987, 10% frá 21. janúar 1987 til 20. febrúar 1987, 11% frá 21. febrúar 1987 til 30. apríl 1987, 12% frá 1. maí 1987 til 20. júní 1987, 13% frá 21. júní 1987 til 10. júlí 1987, 15% frá 11. júlí 1987 til 20. september 1987, 17% frá 21. september 1987 til 10. október 1987, 19% frá 11. til 31. október 1987, 20% frá 1. til 30. nóvember 1987, 22% frá 1. desember 1987 til 20. janúar 1988, 20% frá 21. janúar 1988 til 29. febrúar 1988, 19% frá 1. mars 1988 til 10. júní 1988, 23% frá 11. til 20. júní 1988, 24% frá 21. júní 1988 til 31. júlí 1988, 26% frá 1. til 20. ágúst 1988,

22% frá 21. til 31. ágúst 1988, 12% frá 1. september 1988 til 10. október 1988, 9% frá 11. til 20. október 1988, 6% frá 21. október 1988 til 30. nóvember 1988, 4% frá 1. desember 1988 til 20. janúar 1989, 6% frá 21. til 31. janúar 1989 og 8% frá 1. febrúar 1989 til uppkvaðningar hæstaréttardóms þessa, en eftir það með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir eru hverju sinni.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt 550.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurði Jónssyni, nnr. 7878-0363, lækni, Tómasarhaga 15, Reykjavík, gegn Sigurði K. Jónssyni, nnr. 7878-0002, húsasmíðameistara, Húnabraut 32, Blönduósi, og Tryggingamiðstöðinni hf., nnr. 8936-7840, Aðalstræti 6, Reykjavík, með stefnu, birtri 10. febrúar 1986.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi Sigurður verði dæmdur til að greiða sér kr. 28.349.890,00, þar af óskipt með stefndu, Tryggingamiðstöðinni hf., kr. 10.000.000,00. Vaxta er krafist af heildarstefnufjárhæðinni sem hér segir: með 15% ársvöxtum frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. ágúst 1985, með 22% ársvöxtum frá 11. ágúst 1985 til stefnubirtingardags, en með hæstu leyfilegum innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979), eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og stefndi Sigurður verði að auki dæmdur til að greiða stefnanda kr. 18.349.890,00 með 15% ársvöxtum frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. ágúst 1985, með 22% ársvöxtum frá 11. ágúst 1985 til stefnubirtingardags, en með hæstu leyfilegum innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979), eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst þess einnig, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu á málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndi Sigurður verði dæmdur til að greiða kr. 12.255.890,00, þar af óskipt með stefndu, Tryggingamiðstöðinni

hf., kr. 10.000.000,00 með 15% ársvöxtum frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá 13. ágúst 1984 til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 11. ágúst 1985, með 22% ársvöxtum frá 11. ágúst 1985 til stefnubirtingardags, en með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979), eins og þeir eru á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær, að stefndu verði algjörlega sýknuð af kröfum stefnanda í máli þessu, og jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu stefndu til handa að mati dómsins.

Við aðalflutning málsins breytti stefnandi upphaflegri kröfugerð sinni þannig að fallið var frá kröfu vegna útlagðs kostnaðar, að fjárhæð kr. 21.960,00, skv. 2. tl. í stefnu, en jafnframt var gerð krafa um þann kostnað sem lið í málskostnaði. Þá var varakrafan hækkuð á grundvelli endurúrreiknings á örorkutjóni stefnanda.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau, að hinn 29. júlí 1984 varð umferðarslys á þjóðveginum í Norðurárdal í Mýrasýslu, skammt austan við akveg að bænum Klettstíu. Þar varð harkalegur árekstur með bifreið stefnda, H 700, sem hann ók sjálfur, og bifreiðinni R 6068, sem stefnandi ók. Með stefnanda í bifreiðinni tiltekið sinn var kona hans, Anna Jensdóttir, og dóttir þeirra, Olga. Í bifreið stefnda Sigurðar K. voru auk hans eiginkona hans, Guðrún Ingimarsdóttir, faðir hans, Jón Guðmundsson, Jónas Ingimarsson frá Dalvík og Snorri Sturluson frá Blönduósi. Í árekstri þessum slösuðust báðir ökumenn og einnig farþegar bifreiðanna, meira eða minna. Stefnandi mun hafa slasast mest. Bifreiðarnar gjöreyðilögðust.

Bifreiðarnar voru í akstri, hvor á móti annarri, er áreksturinn varð. Stefndi var á leið norður, en stefnandi á leið suður. Mun áreksturinn hafa orðið, að því er virðist, í kjölfar þess, að stefndi hafði mætt dráttarbifreiðinni H 1020, sem ekið var til suðurs á undan bifreið stefnanda, R 6068. Ökumaður bifreiðarinnar H 1020 var Sigurður Hjálmarsson, og farþegi í bifreið hans var Karl Tryggvason. Er áreksturinn varð var veður þurr og hvasst og lagði rykmökk frá bifreiðinni H 1020 yfir á vegarhelming bifreiðar stefnda, H 700. Um nánari tildrög áreksturs þessa og staðsetningu bifreiðanna á veginum við áreksturinn er þó verulegur ágreiningur með aðilum.

Í máli þessu sækir stefnandi stefndu um bætur fyrir fjárhagstjón og miska vegna líkamsmeiðsla sinna, en bifreiðin H 700 var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefndu Tryggingamiðstöðinni hf.

Stefnandi telur að stefndi Sigurður hafi einn átt sök á slysinu með ógætilegum akstri sínum. Er stefndi hafi mætt bifreiðinni H 1020, hafi hann sveigt bifreið sinni strax inn á veginn aftur og ekki gætt nægilega að umferð, sem hugsanlega kæmi á eftir bifreiðinni H 1020. Stefnda Sigurði hafi borið að sýna sérstaka aðgát, því að hann hafi verið að mæta stórrí flutningabifreið með tengivagn, sem þyrлаð hafi upp miklu ryki á veginum svo að skyggni hafi verið lélegt. Stefndi virðist einnig hafa verið á of mikilli ferð miðað við aðstæður, þar sem hann hafi ekki náð að stöðva bifreið sína í tæka tíð eftir að bifreið stefnanda hafi komið í ljós, en stefnandi hafi ekið með fullum ljósum. Stefnandi hafi borið það að honum hafi virst sem bifreið stefnda hafi stefnt beint á sína bifreið rétt áður en slysið varð. Stefndi Sigurður hafi því sveigt allt of langt og allt of snemma inn að miðju vegarins eftir að hann hafi mætt bifreiðinni H 1020. Sökin á árekstrinum sé því öll hjá stefnda Sigurði. Bifreið stefnda Sigurðar hafi verið ábyrgðartryggð hjá stefndu Tryggingamiðstöðinni hf. Stefndu beri því að bæta stefnanda in solidum allt það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna slyssins.

Varðandi lagarök vísar stefnandi til 1. mgr. 47. gr. og 49. gr., 3. mgr., b-lið, umferðarlaga, nr. 40/1968, að því er varðar varúðarskyldu þá, sem á stefnda Sigurði hafi hvílt. Um fébótaábyrgð er vísað til 67. gr., 69. gr. og 74. gr., 2. mgr., sömu laga. Varðandi váttryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar ökutækja á þeim tíma, er slysið varð, er vísað til 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 133/1984. Varðandi málskostnaðarkröfu er vísað til XII. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Stefnandi hafi slasast mjög mikið í árekstrinum. Kalla hafi þurft á þyrлу frá björgunarsveit varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli til að flytja hann og Jónas Ingimarsson, farþega í H 700, á Borgarspítalann í Reykjavík. Þyrлан hafi fengið rangar upplýsingar um slysstaðinn og hafi dregist að hún kæmi á vettvang. Slysið hafi orðið um kl. 19.30, en stefnandi hafi ekki verið kominn á sjúkrahús fyrr en kl. 23.30. Stefnandi hafi hlotið mikla brjóst-holsáverka í slysinu, brotnað á vinstri olnboga og bæði viðbein hafi brotnað. Einnig hafi hann fengið opið lærbrot á vinstra fæti og ökklabrotnað á hægri fæti.

Stefnandi hafi verið í verulegri lífshættu fyrstu dagana eftir slysið. Hann hafi legið á gjörgæsludeild tæpar þrjár vikur, síðan á legudeild og á Grensásdeild Borgarspítalans frá 31. ágúst 1984 fram í marsmánuð 1985. Stefnandi hafi gengist undir fjöldann allan af aðgerðum á þessum tíma, bæði smáum og stórum. Stefnandi sé nú með staurlið um ökkla, miklar hreyfihindranir í hné og olnboga. Bæði viðbein hafi brotnað og af þeim sökum sé orðin röskun á afstöðu axlargrindar báðum megin og af þeim leiði

nokkra bæklun. Samkvæmt örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, dags. 26. ágúst 1985, hafi stefnandi verið 100% öryrki í sjö og hálfan mánuð eftir slysið, síðan 80% öryrki næstu tvo mánuði, en síðan varanlegur 60% öryrki. Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur hafi reiknað út örorkutjón stefnanda. Er þar um að ræða tvo útreikninga, hinn fyrri dags. 24. september 1985 og hinn síðari 4. mars 1987, og séu þeir byggðir á áður nefndu örorkumati Ólafs Jónssonar læknis og skattframtölum stefnanda fyrir árin 1982 til 1985. Samkvæmt fyrri útreikningi sé örorkutjón stefnanda talið vera kr. 8.442.400,00, en skv. síðari útreikningnum sé örorkutjónið talið vera kr. 11.233.200,00.

Endanleg heildaraðalkrafa stefnanda á hendur stefnda Sigurði K., kr. 28.349.890,00, sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón kr. 25.327.200,00, byggt á fyrri örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar og sú fjárhæð síðan þrefölduð. Krafan sé höfð svo há, til að hún nái yfir þær hækkanir, sem kunni að verða á tjóni stefnanda á næstu einu til tveimur árum, ef svo kynni að fara að máli þessu yrði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, en auknum kröfum yrði þá ekki við komið.

2. Miskabætur kr. 3.000.000,00. Miskabætur sé að sjálfsögðu erfitt að ákvarða, en krafan sé höfð svona há til að mæta hugsanlegum verðhækkunum á næstu árum, verði máli þessu áfrýjað. Til stuðnings miskabótakröfunni skuli þó bent á eftirfarandi:

Eftir að slysið varð hafi stefnandi verið fastur í bílflakinu, stórslasaður, og þjáður í um það bil þrjár klukkustundir, meðan beðið hafi verið eftir björgunarþyrlu. Hann hafi ekki komist undir læknishendur fyrr en fjórum klukkustundum eftir slysið. Stefnandi hafi dvalist síðan á sjúkrahúsum í sjö og hálfan mánuð. Á þeim tíma hafi hann gengist undir ótal erfiðar og kvalafullar aðgerðir. Að auki hafi hann verið í mikilli sjúkrahjálfun. Líkur séu á, að síðar meir muni hann þurfa að gangast undir að minnsta kosti eina aðgerð til viðbótar og þá til að fá gervilið í vinstra hné. Hann hafi stöðug óþægindi og verki í vinstri handlegg, hægri ökkla, sem sé alveg stífur, og vinstra hné. Bæði viðbein hafi gróið með misgengi báðum megin og sé af þessum sökum nokkur stöðubreyting í báðum axlarliðum. Stefnandi hafi talsverð ör á fótum og víðar eftir aðgerðir, sem hann hafi þurft að gangast undir vegna slyssins. Slysa það, sem stefnandi hafi orðið fyrir, hafi gjörbreytt lífi hans. Fyrir slysið hafi hann verið mikill sportmaður, hann hafi stundað skíðaferðir, laxveiðar og „skyttiri“. Nú sé geta hans til íþróttaiðkana engin, og honum sé ómögulegt að stunda nokkrar líkamsæfingar nema kannski þær allra léttustu. Hann sé gjörsamlega ófær um að sinna nokkrum líkamlegum störfum, ekki einu sinni einföldustu garðyrkjustörfum. Hann geti ekkert gengið nema með hjálp hækjustafs og þá

aðeins á sléttum fleti. Hann geti ekki ferðast einsamall nema rétt milli húsa og geti ekki verið óstuddur í mannþröng eða annars staðar, þar sem hætta gæti verið að hann félli til jarðar, en hann geti ekki reist sig við aftur hjálparlaust. Ólafur Jónsson læknir segi reyndar í örorkumati sínu að stefnandi sé nánast ófær um allt nema sinna einföldustu nauðpurftum. Lífsháttum stefnanda hafi því verið gjörbreytt og lífi hans umturnað vegna slyss þessa.

3. Munatjón. Ýmsir hlutir, sem í bifreiðinni hafi verið, og fót þau, er stefnandi hafi verið í, er slysið varð, hafi gjöreyðilagst. Krafa vegna munatjóns sundurliðast þannig:

Gleraugu	kr. 4.539,00
úr	kr. 6.990,00
lopapeysa	kr. 1.100,00
flauelsbuxur	kr. 1.000,00
skyrti	kr. 500,00
nærföt	kr. 300,00
skjalataska	kr. 3.000,00
nestistaska fyrir fjóra	kr. 2.961,00
regngalli	kr. 2.300,00
Samtals	kr. 22.690,00

Aðalkrafan hafi verið lækkuð um útlagðan kostnað, að fjárhæð kr. 21.960,00, sem krafist sé með málskostnaði.

Aðalkrafa stefnanda á hendur stefndu Tryggingamiðstöðinni hf., kr. 10.000.000,00, sé byggð á sömu rökum og krafan á hendur stefnda Sigurði, en takmarkist þó af hámarkstryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar H 700, eins og hún hafi verið á þeim tíma, sem slysið varð, þ.e. kr. 10.000.000,00.

Endanleg varakrafa stefnanda, kr. 12.255.890,00, sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón kr. 11.233.200,00. Krafa sé byggð á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 4. mars 1987.

2. Miskabætur kr. 1.000.000,00. Krafa sé byggð á sömu rökum og miskabótakrafa aðalkröfu.

3. Munatjón kr. 22.690,00, sbr. sundurliðun í aðalkröfu. Fallið var frá kröfu um útlagðan kostnað, að fjárhæð kr. 21.960,00, sem krafist er með málskostnaði.

Viðurkenndur er frádráttur, að fjárhæð kr. 360.000,00, vegna örorkulífeyrisgreiðslna, sem stefnandi á rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína á þann hátt að slys þetta hafi eingöngu orðið vegna ógætilegs aksturs stefnanda. Tildrög árekstursins hafi verið þau að stefnandi, ökumaður R 6068, hafi verið um það bil að hefja

framúrakstur fram úr bifreiðinni H 1020, og þar af leiðandi hafi bifreið hans verið komin yfir á vinstri vegarhelming. Ljóst sé að stefnandi hafi í umrætt sinn ekið allt of hratt miðað við aðstæður, en hann freisti þess, nánast blindaður af rykmekki, að aka fram úr stórrí flutningabifreið á malarvegi og slíkt hljóti að teljast algjört glapræði eins og á hafi staðið. Jafnvel þótt ekki teljist sannað að stefnandi hafi verið að aka fram úr H 1020 í umrætt sinn, sé að minnsta kosti ljóst, að hann hafi ekið of nærri bifreiðinni H 1020, m.a. með tilliti til þess mikla ryks, sem þarna hafi byrgt útsýni ökumanna, og það eitt út af fyrir sig nægi að mati stefndu, til að hann einn teljist eiga sök á hvernig fór. Ekkert liggi fyrir í málinu um þá skoðun stefnanda að stefndi Sigurður K. hafi skömmu fyrir óhappið sveigt bifreið sinni inn á veginn og sé þeirri fullyrðingu harðlega mótmælt. Þvert á móti beri vitni um, að hemlafar eftir bifreiðina H 700 hafi verið merkjanlegt á akbrautinni fyrst eftir óhappið og skv. því hafi bifreiðin H 700 verið yst til hægri á akbrautinni um það bil er áreksturinn hafi orðið. Einu haldbæru skýringarnar, sem séu á orsökum slyss þessa, séu því þær, að stefnandi hafi verið um það bil að aka fram úr H 1020 og því verið kominn of mikið til vinstri á akbrautinni eða ekið of nærri H 1020 og örugglega of hratt miðað við aðstæður; því beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnukröfum í málinu sé mótmælt sem allt of háum og byggist það m.a. á því, að telji dómurinn, að eitthvað af röksemdafærslu stefnanda standist, hljóti það að hafa í för með sér skiptingu sakar, því að það, sem stefnandi finni akstursmáta stefnda Sigurðar K. til foráttu, eigi tvímælalaust einnig við um stefnanda sjálfan. Eigi stefndu þar fyrst og fremst við fullyrðingar um of hraðan akstur stefnda Sigurðar K., svo og að á hafi skort af hans hálfu varúð vegna lélegs skyggnis. En eins og áður sé getið, sé ekkert í málinu, sem styðji þá fullyrðingu stefnanda, að stefndi Sigurður K. hafi sveigt bifreið sinni inn að miðju vegar fyrir óhappið. Þau gögn, sem fyrir liggi, styðji hins vegar málstað stefndu og því ætti að þeirra mati, ef sakarskiptingu yrði beitt, að leggja meginhluta sakarinnar á stefnanda.

Um lækkunarkröfu stefndu að öðru leyti sé rétt að benda á: Í örorkumati því, sem lagt sé til grundvallar áætluðum tekjumissi stefnanda, sé einungis miðað við læknisfræðilega örorku og sé matinu sem slíku mótmælt og áskilinn réttur til að koma að athugasemdum við það síðar og krefjast nýs örorkumats ef ástæða þyki til. Þá sé bent á í þessu sambandi að aðaluppistaða stefnukröfu máls þessa séu niðurstöður örorkutjónsútreikninga Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings. Ekki verði annað séð en tryggingafræðingurinn gangi út frá því að tekjur stefnanda rýrni um 60% vegna slyssins í samræmi við niðurstöðu örorkumatsins, svo sem venja sé við upp-
gjör slysamála þar sem varanleg örorka sé fyrir hendi. Hér sýnist þó úti-

lokað að beita þessari aðferð. Það byggist á því að þar sem stefnandi hafi starfað sem læknir fyrir slysið og geri reyndar enn telji stefndu að hann hafi nánast ekkert misst af föstum launum sínum.

Slysið kunni að hafa minnkað möguleika stefnanda eitthvað á öflun aukatekna, en þó sýnist við athugun á skattframtölum sem liggi frammi í málinu á dskj. nr. 19 og 20 að hækkun á brúttótekjum stefnanda milli áranna 1983 og 1984 fylgi því sem næst meðalhækkun kauptaxta allra launþega milli áranna sem um ræðir, sbr. bréf kjararannsóknarnefndar, merkt dskj. nr. 33, og ef eitthvað sé þá sé hækkun launa stefnanda heldur hærri en meðalhækkunin sem áður sé nefnd. Það sé því ljóst að fráleitt hljóti að vera að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar í máli þessu eins og á standi þar sem hann eigi enga stoð í raunveruleikanum. Í þessu sambandi áskilji stefndu sér rétt til að afla frekari útreikninga ef ástæða sýnist til, svo og annarra gagna er sýni fram á raunverulegt tekjutap stefnanda vegna slyssins. Þá sé skorað á stefnanda að leggja fram viðbótargögn vegna þessa þáttar eftir því sem tilefni gefist til, s.s. skattskýrslur og annað þess háttar. Þá sé ekki í kröfugerð stefnanda gert ráð fyrir hugsanlegu hagræði af skattfrelsi og eingreiðslu þeirra bóta sem kynnu að verða dæmdar.

Miskabótakröfu sé mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við þá dómvenju sem nú tíðkist í þeim efnunum. Enn fremur telja stefndu, að ekki sé hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að stefnandi hafi ekki notað öryggisbelti þegar slys þetta hafi orðið. Það sé engum vafa undirorpið að notkun öryggisbeltis hefði í þetta sinn stórlega minnkað meiðsl stefnanda og afleiðingar árekstursins. Stefnandi, sem er læknir að mennt, ætti að vita öðrum mönnum fremur hve mikilvægt sé að vera ávallt í öryggisbelti við akstur, sbr. lagaskyldu þar að lútandi, og sé því vanræksla hans að þessu leyti alvarlegri en ella og hljóti að hafa veruleg áhrif til lækkunar á endanlegum bóttum til stefnanda, fallist dómurinn að einhverju leyti á kröfur hans.

Til stuðnings málsástæðum sínum vísa stefndu m.a. til 45. gr., 1. mgr. 47. gr., 3. mgr. 49. gr., 1. mgr. 49. gr., 2. mgr. 49. gr., 3. mgr., staflíða a, b og f, og 64. gr., staflíðar a, umferðarlaga, nr. 40/1968.

IV.

Stefnandi, Sigurður Jónsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi í máli þessu, svo og dóttir hans, Olga Sigurðardóttir. Þá hefur verið lagt fram í máli þessu endurrit af yfirheyrslum í bæjarþingsmálinu nr. 4074/1986, sem stefndi Sigurður K. Jónsson höfðaði gegn stefnanda, Sigurði Jónssyni, og Ábyrgð hf. vegna umferðarslyss þessa.

Stefnandi, Sigurður Jónsson, hefur m.a. skýrt svo frá í lögregluskýrslu,

sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að hann hafi ekið suður þjóðveg 1 áleiðis til Reykjavíkur tiltekið sinn. Með sér í bifreiðinni hafi verið kona sín, Anna Jensdóttir, sem sat í framsæti, en í aftursæti hafi verið Olga, dóttir þeirra, sofandi. Stefnandi var ekki með spennt bílbelti, en kona hans hafi verið með beltið spennt. Kvaðst stefnandi hafa verið kominn ofan af Holtavörðuheiði og niður í Norðurárdal, þegar hann ók fram á dráttar-bifreið með tengivagn, sem þá var að fara yfir brú, sem þar var. Stefnandi ók á eftir dráttar-bifreiðinni suður veginn eftir að yfir brú þessa var komið. Kvaðst hann hafa haldið sig í hæfilegri fjarlægð, enda ekki ætlað sér fram úr henni. Tengivagninn, sem var tómur, hafi skoppað talsvert á veginum. Stefnandi kvaðst hafa ekið með fullum ökuljósum frá því að hann lagði af stað. Stefnandi kvað dráttar-bifreiðina hafa þyrlað upp rykmekki eftir að hún var komin á ferð, en vindur hafi staðið þannig að hann hafi blásið rykinu til vinstri miðað við akstursleið stefnanda. Stefnandi kvaðst hafa verið búinn að aka á eftir bifreiðinni nokkra km á að giska, þegar hann hafi skyndilega séð til ferða bifreiðar, sem á móti hafi komið út úr rykmekkinum og stefnt beint á sína bifreið, en síðan muni hann ekki meira. Stefnandi kvaðst þó hafa séð, áður en bifreiðarnar skullu saman, að ökuljósin hefðu ekki verið tendruð á hinni bifreiðinni. Þá kvaðst stefnandi hafa verið fullviss um það að bifreið sín hafi verið eðlilega staðsett á götunni og á hægri vegarhelmingi miðað við sína akstursstefnu þegar bifreiðarnar skullu saman. Stefnandi gat ekki sagt til um ökuhraða sinn, en taldi hann hafa verið undir 70 km/klst. Stefnandi tók fram að sér hefði fundist dráttar-bifreiðinni ekið allógætílega þarna með tóman vagninn skoppandi aftan í sér og með því skapað hættu fyrir þá sem á móti komu. Stefnandi tók fram að rétt fyrir áreksturinn hefði hann séð bifreið stefnda koma á móti sér út úr rykmekkinum.

Aðspurður um slys sitt og meiðsli skýrði stefnandi frá því fyrir dómi að við slysið hefði hann fengið samfallinn brjóstkassa hægra megin, flest rifbein hefðu brotnað og gat komið á lunga. Þar fyrir utan hefðu bæði viðbein brotnað og einnig hefði hann fengið opið brot á vinstri olnboga og vinstra hné og þar að auki hefði hægri ökkli brotnað. Fyrstu nóttina kvaðst hann hafa verið í aðgerð. Gert hefði verið að olnboganum og ökklianum. Hann kvaðst lítið muna eftir sér á Borgarspítalanum fyrstu þrjá til fjóra dagana. Hann hefði verið látinn biða tólf daga áður en gert hefði verið að lærbrotinu. Stefnandi kvaðst hafa verið í lífshættu fyrstu dagana. Hann hefði verið á gjörgæsludeild tæpar þrjár vikur í öndunarvél. Alls kvaðst stefnandi hafa verið á sjúkrahúsum á sjötta mánuð. Eftir slysið kvaðst stefnandi vera alvarlega hreyfihamlaður nema þá á styttri vegalengdum og sléttum fleti. Hann kvaðst geta stundað starf sitt og geta gengið úr og í bíl. Stefnandi kvaðst hafa hafið störf átta mánuðum eftir slysið,

hinn 1. apríl 1985. Stefnandi kvaðst gegna sömu störfum og hann gerði áður, en sér reyndist það kannski erfiðara en áður. Stefnandi gat þess, að vegna fjarveru sinnar vegna slyssins hefði dregið úr stofupraxis sínum, það hefði fækkað dálítið á listanum hjá sér og ekki orðið sú endurnýjun, sem hann hefði annars getað aflað sér. Stefnandi kvaðst hafa gegnt fullu starfi síðan hann hóf störf að nýju.

Verður nú rakinn framburður fyrir dómi skv. fram lögðu endurriti á dskj. nr. 46, að því marki sem ástæða þykir til vegna úrlausnar sakarefnis þessa. Samhengis vegna verður fyrst vikið að framburði Önnu Jensdóttur, eigin konu stefnanda.

Vitnið Anna Jensdóttir, eiginkona stefnanda, hefur skýrt svo frá að hún hafi verið farþegi í bifreiðinni R 6068 og setið í hægri framsæti. Kveðst hún hafa verið með öryggisbelti, en ekki maður sinn. Barn þeirra hafi verið í aftursæti og sofandi að því er vitnið taldi. Kveðst vitnið minnst þess, að þau hjón hafi verið að tala um það, hve flutningabílnum, sem ekið var á undan þeim, væru ekið ógætilega. Aftan í honum hafi verið tengivagn sem kastast hafi til og frá á veginum. Vitnið kveðst einnig muna, vegna þess hve þurrt var, að mikill rykmökkur hafi gosið undan flutningabílnum. Taldi vitnið að vindur hefði staðið þeim á hægri hönd og borið rykmökkinn yfir veginn til vinstri. Vitnið taldi að þau hefðu ekki verið nálægt flutningabílnum og ekki hefði staðið til að aka fram úr þeirri bifreið. Vitnið kvaðst ekki hafa séð bifreiðina, sem á móti kom, og mundi ekki tildrög árekstursins frekar.

Stefndi Sigurður K. Jónsson kveðst muna það síðast fyrir áreksturinn að hann hafi tekið farþegann Snorra Sturluson upp í bifreið sína skammt frá Svignaskarði. Stefndi mundi ekki sérstaklega, hvort hann hefði verið með tendruð ökuljós á bifreið sinni í þetta skipti, en taldi þó að svo hefði verið.

Vitnið Guðrún Ingimarsdóttir, eiginkona stefnda Sigurðar, hefur skýrt svo frá að þau hafi fyrir skömmu verið komin út af olíumölinni hjá Klettstíu í Norðurárdal er þau mættu bifreiðinni H 1020, dráttarbifreið með löngum aftanívagni. Mjög mikið ryk hafi verið undan dráttarbifreiðinni svo að skyggni hafi verið mjög lítið, þegar bifreiðarnar mættust. Þar sem rykið var mest, sennilega aftan til við dráttarvagninn, kvaðst vitnið hafa séð grilla í ljós á bíl er var að koma á móti. Hefði sést vel í vinstra framljósið, en rétt glórt í hægri ljósið í hringiðu af moldroki. Fannst vitninu sem bifreiðin stefndi beint á þau. Vitnið taldi, að þeirra bifreið, H 700, hefði verið á sínum vegarhelmingi, þegar áreksturinn varð. Vitnið taldi, að ökuljós bifreiðar þeirra hlytu að hafa verið kveikt tiltekið sinn, þar sem stefndi hefði það fyrir reglu að aka alltaf með ljósum úti á þjóðvegum.

Vitnið Snorri Sturluson kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni H 700 og

setið í aftursæti fyrir miðju. Kvað vitnið áreksturinn hafa orðið með þeim hætti að þau hefðu verið að mæta stórrí dráttarbífreidd með aftanívagni. Kvað vitnið mikinn rykmökk hafa verið á eftir dráttarbífreiddinni og af þeim sökum hefði skyggni verið mjög lítið fram á veginn. Vitnið kvað þau rétt hafa verið búin að mæta dráttarbífreiddinni, þegar því hefði skyndilega, að því sýndist, séð ljós í gegnum rykmökkinn og vissi svo ekki fyrr til en árekstur varð með bífreiddunum. Vitnið kvað H 700 hafa verið vel yfir á hægri kanti vegarins miðað við akstursstefnu þegar áreksturinn varð, þar sem þau hafi verið nýbúin að mæta dráttarbífreiddinni. Vitnið gat ekki um það borið, hvort bífreiddin H 700 hefði verið með tendruð ökuljós tiltekið sinn.

Vitnið Sigurður Hjálmarsson kvaðst tiltekið sinn hafa verið á leið til Reykjavíkur frá Blönduósi á dráttarbífreidd sinni, H 1020. Skammt fyrir ofan bæinn Klettstíu í Norðurárdal kvaðst hann hafa mætt bífreiddinni H 700, sem hann kvaðst telja að hefði vikið mjög vel. Kvaðst vitnið hafa heyrt grjóthljóð, þegar bílarnir mættust, og þá talið, að hann hefði með bífreidd sinni verið að ausa mól yfir bífreiddina H 700. Vitnið kvaðst hafa ekið stuttan spöl, er hann hefði séð í ökuspegli bífreiddar sinnar, að H 700 hafði lent í árekstri eftir að bílarnir höfðu mæst. Taldi vitnið að áreksturinn hefði orðið mjög nálægt þeim stað er vitnið hafði áður mætt bífreiddinni H 700. Ekki gat vitnið borið um það, hvort bífreiddin H 700 hefði verið með ljósum er bífreiddarnar mættust. Vitnið kvaðst hafa séð hemlaför eftir H 700 á veginum. Hefði það verið eitt hjólfar eftir vinstra hjól H 700. Taldi vitnið, að hitt hjólfarið, hægra hjól, hefði verið í mölinni við vegarbrúnina og því ekki merkjanlegt. Samkvæmt teikningu vitnisins er meint hemlafar eftir vinstra hjól bífreiddarinnar H 700 nálægt miðjum vegarhelmingi þeirrar bífreiddar miðað við akstursstefnu hennar. Vitnið kvaðst telja að hemlafarið hefði verið í beinni stefnu eftir veginum, þ.e. samsíða vegarbrúninni.

Vitnið Karl Tryggvason kvaðst hafa verið farþegi í bífreiddinni H 1020, er hún mætti bífreiddinni H 700 við Klettstíu í Norðurárdal tiltekið sinn. Kvaðst vitnið hafa tekið eftir því að ökuljós voru kveikt á H 700 og sér hafi vírst sem þeirri bífreidd væri ekið á eðlilegum hraða. Vitnið tók fram að veður á slysstað hefði verið þannig, að vindur hefði staðið þvert á akbrautina, svo að rykmökkurinn undan H 1020 og tengivagni, sem hefði verið tengdur henni, hefði fokið yfir á vinstri akrein miðað við akstursstefnu hennar. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli að ökumaður H 1020 hefði ekki vikið vel, er hann mætti H 700, og kvaðst vitnið telja, að áreksturinn hefði orðið mjög nærri enda tengivagnsins miðað við þá vegalengd, sem H 1020 hafi verið komin, þegar ökumaður hafi séð í baksýnispegli hvað gerst hafði. Vitnið sagði, að mjög greinileg hemlaför hefðu verið eftir bífreiddina H 700, sem vitnið kvaðst hafa stigið og fundist vera 6-7 m löng. Far eftir vinstra hjól hefði verið á vegarhelmingi H 700, en far eftir hægra

hjól hefði alveg verið úti í lausamölinni við hægri vegarbrún, miðað við akstursstefnu bifreiðarinnar. Hemlaförin hefðu verið í beinni línu og samsíða vegarbrúninni.

Vitnið Ásgeir E. Tómasson, sem var fyrsti vegfarandinn sem kom að slysinu eftir að það varð, kvaðst hafa séð hemlaför á veginum eftir bifreiðina H 700. Vinstra hemlafar hefði verið inni á veginum, en hið hægri í lausamölinni í kantinum á vegarhelmingi H 700. Hemlaförin hefðu legið samsíða vegarbrúninni. Kvaðst vitnið fyrir dómi greinilega muna eftir þessum hemlaförum.

Vitnið Kristvin Ómar Jónsson, lögreglumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem á staðinn kom vegna umferðarslyss þessa, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að gerðar hafi verið athuganir á vettvangi, þegar búið var að gera ráðstafanir til að flytja þá sem slasaðir voru. Við vettvangskönnun hafi engin hemla- og hjólför verið sjáanleg. Vitnið upplýsti að vettvangsuppdráttur hefði verið unninn eftir mælingum, sem lögreglumennirnir hefðu gert á staðnum, miðað við staðsetningu bifreiðanna er lögreglan kom á vettvang.

Ekki þykir ástæða til að rekja framburð frekar.

V.

Í máli þessu er um það ágreiningur með aðilum hvernig háttað var staðsetningu bifreiðanna á veginum er áreksturinn varð tiltekið sinn. Ekki verður um það ráðið af framburði ökumanna og engin utanaðkomandi vitni hafa komið fram sem sáu bifreiðarnar rekast saman. Þá ber vitnum þeim, sem á staðinn komu, ekki fyllilega saman um staðsetningu bifreiðanna eftir áreksturinn, en þar um þykir þó verða að byggja á vettvangsuppdrætti lögreglu, sem gerður var á grundvelli mælinga sem fram fóru á staðnum skv. vætti Kristvins Ómars Jónssonar lögreglumanns.

Vitnin Sigurður Hjálmarsson, Karl Tryggvason og Ásgeir E. Tómasson, sem á vettvang komu eftir slysið, báru það öll að hafa séð hjólför bifreiðarinnar H 700 á vegarhelmingi þeirrar bifreiðar. Frásagnir greindra vitna samrýmast því framburði Guðrúnar Ingimarsdóttur, eiginkonu stefnda Sigurðar K. Jónssonar, og vitnisins Snorra Sturlusonar um staðsetningu bifreiðarinnar H 700 á veginum fyrir áreksturinn.

Ekki verður talið að staðsetning bifreiðanna á veginum skv. vettvangsuppdrætti lögreglu mæli gegn því að áreksturinn hafi orðið á vegarhelmingi stefnda. Fram lagðar ljósmyndir og uppdráttur sýna meginákomustaði á vinstri framhornum bifreiðanna, sem er vísbending um að við áreksturinn hafi þær snúist í þá stöðu, sem uppdrátturinn sýnir. Verður því að telja nægilega í ljós leitt, að bifreiðin H 700 hafi verið í beinni akstursstefnu á eigin vegarhelmingi þegar áreksturinn varð.

Með akstri sínum tiltekið sinn hefur stefnandi því, skv. framansögðu, einkum brotið gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og telst hann eiga meginsök á árekstrinum.

Svo virðist sem dráttarbifreiðinni H 1020 hafi verið ekið óvarlega miðað við aðstæður og vikið illa er hún mætti bifreið stefnda, H 700, tiltekið sinn. Var því fyllsta ástæða fyrir stefnda að draga mjög verulega úr ferð bifreiðar sinnar og sýna ýtrustu varkárni, er hann mætti bifreiðinni H 1020 og ók inn í rykmökkinn sem frá henni lagði. Telja verður að stefndi hafi ekki gætt þessa sem skyldi, auk þess sem ósannað er að hann hafi ekið með ökuljósum, sem var nauðsynleg varúðarráðstöfun miðað við aðstæður og akstursskilyrði tiltekið sinn. Þykir stefndi einkum hafa brotið gegn 1. mgr. 47. gr. umferðarlaga og því einnig eiga nokkra sök á árekstrinum. Rétt þykir, skv. 68. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, að skipta sök þannig að stefndu bæti stefnanda að 1/3 hluta tjón hans vegna árekstursins, en stefnandi beri tjón sitt sjálfur að 2/3 hlutum.

Liggur þá fyrir að fjalla um tölulega kröfugerð stefnanda sem grundvölluð er á örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, dags. 26. ágúst 1985, og tjónsútreikningum Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 24. september 1985 og 4. mars 1987.

Í örorkumati Ólafs Jónssonar læknis, þar sem byggt er á upplýsingum úr fram lögðu vottorði Stefáns Carlssonar, læknis slysadeildar Borgarspítalans í Reykjavík, svo og skoðun og viðtali við stefnanda, segir svo í ályktun:

„Hér er um að ræða 47 ára gamlan lækni sem varð fyrir miklum áverkum í bílslysi fyrir tæpum 13 mánuðum, svo að hægri ökkli brotnaði og brákaðist þannig að gera þurfti staurlið bæði í subtalarlið og talocularlið og er nú engin hreyfing í ökklanum. Vinstra hné brotnaði ofan við liðinn og skaddaðist neðri liðflötur lærleggs verulega og eru miklar hreyfingarhindranir í hnénu og augljóst að þar verður um að ræða miklar ótímabærar slitbreytingar, þannig að gera verður ráð fyrir að hnémeiðslin leiði til þess að Sigurður þurfi að fá gervilið í hnéð áður en lýkur. Vinstri olnbogi brotnaði þannig, að olecranon mölbrotnaði svo að liðfletir olnbogaliðarins eru verulega skemmdir og þar eru miklar hreyfingarhindranir og öruggt um ótímabærar slitbreytingar er leitt geta til þess að hreyfingar í olnbogaliðnum verði sárar eða enn meir takmarkaðar. Bæði viðbein brotnuðu og af þeim er orðin röskun á afstöðu axlargrindar báðum megin og af þeim leiðir nokkra bæklun. Eins og að framan er lýst er öll starfsgeta Sigurðar til líkamlegra starfa trufluð og takmarkast þannig að hann má heita ófær um allt nema að sinna einföldustu nauðþurftum. Hann getur til dæmis ekki ferðast einsamall nema rétt milli húsa og getur ekki verið óstuddur í mann-

þröng eða annars staðar þar sem hætta gæti verið á að hann félli til jarðar og getur þá ekki reist sig á fætur hjálparlaust. Geta til íþróttaiðkana eða sports er engin og líkamlegar æfingar ómögulegar nema þær allra léttustu. Sigurður var algjörlega frá störfum í sjö og hálfan mánuð. Næstu tvo mánuði á eftir var starfsgeta hans nokkru meiri, en síðustu þrjá til fjóra mánuði hefur starfsgetan verið óbreytt og ástand komið, eftir því sem best verður séð, í varanlegt horf. Tímabært er því að meta örorku þá er af slysinu hlaust og telst hún hæfilega metin 100% í sjö og hálfan mánuð, síðan 80% næstu tvo mánuði, síðan 60% varanleg.“

Í útreikningum sínum hefur Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur byggt á framangreindu örorkumati. Í síðari útreikningi hans, sem dags. er 4. mars 1987, segir nánar svo:

„Samkvæmt ljósrítun af skattframtölum Sigurðar voru vinnutekjur hans næstu 3 árin fyrir slysið sem hér segir:

	Laun frá Hrafn- istu (DAS)	Reiknuð laun á læknastofu	Sam- tals
Árið 1981	263.654	47.375	311.029
Árið 1982	432.905	104.173	537.078
Árið 1983	682.294	145.309	827.603

Þegar tekjurnar hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga fæ ég út árstekjur kr. 1.929.900,00 miðað við kaupgjald eins og það er nú.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 1.144.400,00	999.900,00
2. árið eftir slysið	kr. 1.579.600,00	947.700,00
3. árið eftir slysið	kr. 1.895.000,00	1.137.000,00
Síðan árlega	kr. 1.929.900,00	1.157.900,00

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 789.200,00
Vegna varanlegrar örorku	kr. 10.444.000,00
<u>Samtals</u>	<u>kr. 11.233.200,00</u>

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi, 4. mars 1987, notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (15% frá slysdegi til 12/8 84, 17% frá 13/8 til 31/12 84, 24% frá 1/1 til 10/5 85, 22% frá 11/5 85 til 28/2 86, 12% frá 1/3 til 31/3 86,

9% frá 1/4 1986 til 20/1 87, 10% frá 21/1 til 20/2 87 og 11% frá 21/2 1987). Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áráanna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta.“

Í aðalkröfu byggir stefnandi á fyrri örorkutjónsútreikningi tryggingafræðingsins, dags. 24. september 1985, og þrefaldar þá fjárhæð, og miskabótafjárhæð er þrefalt hærri í aðalkröfu en varakröfu. Er þetta í því skyni gert að krafan nái yfir þær hækkanir sem kunni að verða á tjóni stefnanda á næstu einu til tveimur árum, ef svo kynni að fara að máli þessu yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Samkvæmt þessari kröfugerð og málflutningi stefnanda eru það einungis fjárhæðir varakröfu sem koma til álita hér fyrir dómi.

Varakröfu sína sundurliðar stefnandi svo:

Örorkutjón	kr. 11.233.200,00
Miskabætur	kr. 1.000.000,00
Munatjón	kr. 22.690,00
Samtals	kr. 12.255.890,00

Krafa stefnanda vegna örorkutjóns er byggð á seinni útreikningi tryggingafræðingsins, dags. 4. mars 1987, og sundurliðast nánar svo:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 789.200,00
Vegna varanlegrar örorku	kr. 10.444.000,00

Stefndu hafa mótmælt kröfugerð stefnanda að þessu leyti, þar sem við útreikning á vinnutekjutapi hans sé miðað við þá læknisfræðilegu örorku sem honum var metin vegna slyssins. Þá viðmiðun sé ekki hægt að nota, þar sem stefnandi gegni óbreyttu starfi eftir slysið og hafi nánast ekkert misst af föstum launum sínum.

Ákvörðun bóta vegna örorkutjóns er háð margþættu og um margt óvissu mati. Meðal viðtekinna viðmiðunargagna í því efni er læknisfræðilegt örorkumat svo og tjónsútreikningar tryggingafræðinga á grundvelli þeirra. Við mat á bótafjárhæð vegna örorkutjóns stefnanda þykir, auk framangreindra viðmiðunargagna, einnig mega taka tillit til þess að tekjutap hans fram til þessa vegna slyssins er óverulegt og að hann gegnir nú eftir sem áður fullu starfi sínu. Hins vegar ber og að líta til þess að meiðsli stefnanda eru til þess fallin að skerða starfsorku hans til framtíðar lítið.

Að þessu virtu og að teknu tilliti til skattfrelsis bótanna, eingreiðslu þeirra og annars þess, sem virða ber, þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda vegna örorku alls kr. 6.000.000,00. Hefur þá einnig verið tekið tillit til ör-

orkulífeyrisgreiðslna, að fjárhæð kr. 360.000,00, sem stefnandi á rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins.

Með hliðsjón af meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut í slysinu, sjúkrasögu hans og heilsuhögum, þykja miskabætur hæfilega ákveðnar með kr. 400.000,00.

Krafa stefnanda um bætur vegna munatjóns, að fjárhæð kr. 22.690,00, hefur ekki sætt andmælum og verður því tekin til greina að fullu.

Vanræksla stefnanda á notkun öryggisbeltis í akstri sínum tiltekið sinn þykir ekki eiga að hafa áhrif á bótakröfu hans til lækkunar, sbr. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 4. gr. laga nr. 55/1981.

Samkvæmt framansögðu telst heildartjón stefnanda vegna slyssins nema kr. 6.422.690,00 (6.000.000,00 + 400.000,00 + 22.690,00), sem dæma ber stefndu til þess að greiða stefnanda óskipt að 1/3 hluta í samræmi við fyrrgreinda sakarskiptingu með kr. 2.140.897,00.

Dæma ber vexti í samræmi við kröfugerð stefnanda, en þó þannig að reikna ber 22% ársvexti frá 11. maí 1985 til stefnubirtingardags, 10. febrúar 1986, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Þá ber að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 275.000,00, þar með talinn útlagður kostnaður samkvæmt reikningum, að fjárhæð kr. 27.960,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigurður K. Jónsson og Tryggingamiðstöðin hf., greiði stefnanda, Sigurði Jónssyni, óskipt kr. 2.140.897,00 með 15% ársvöxtum frá 29. júlí 1984 til 13. ágúst 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 10. febrúar 1986, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 275.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.